



Menntaskóli í tónlist

Ársskýrsla 2023–2024

MÍT ER EINSTAKUR SKÓLI

MÍT er einstakur skóli og eini tónlistarframhaldsskólinn á landinu. Í MÍT fara saman sköpunargleði, metnaður, ástríða og áhugi á tónlist. Áhersla er á einstaklingsmiðað nám og persónulegan þroska hvers nemanda. Í skólanum kemur saman fjöldi nemenda á svipuðum aldri með fjölbreyttan tónlistarbakgrunn. Nemendur MÍT eiga það sameiginlegt hafa þegar náð umtalsverðri færni í hljóðfæraleik, söng og tónlistarsköpun og vilja auka enn færni sína og þekkingu á sviði tónlistar. MÍT býður upp á nám á framhaldsskólastigi, en tekur einnig mið af aðalnámsskrá tónlistarskóla og er miðstöð tónlistarnáms í framhaldsstigi í hljóðfæraleik og söng.

Auk einkakennslu á hljóðfæri, söng og margskonar samspilskennslu er boðið upp á tugi ólíkra námsgreina á hverri önn – allt frá hefðbundnum tónlistarskólanámsgreinum á borð við tónlistarsögu og hljómfræði yfir í hljóðtækni, margs kyns tónsmíðar, verkefnastjórnun og spuna. Nemendur MÍT eru vel undirbúnir fyrir framhaldsnám í tónlist og heldur hátt hlutfall útskrifaðra nemenda áfram námi við tónlistarháskóla hérlandis og erlendis eða fara beint inn í hringiðu atvinnulífs tónlistar. Í MÍT verður til vísir að tónlistarlífi framtíðarinnar í gegnum tengslanet og vináttu sem fylgir nemendum út lífið.

HLUTVERK MÍT

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt og metnaðarfullt nám með aðaláherslu á tónlist og er opinn nemendum með ólíkan tónlistarbakgrunn.

Hlutverk skólans er að undirbúa tónlistarnemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist ásamt því að veita nemendum staðgóða menntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur. Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild, en það gerir nemendum betur kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Eftirspurn eftir starfskröftum í margbreytileg störf innan tónlistarlífsins og tónlistariðnaðar fer stöðugt vaxandi. MÍT tekur markvisst þátt í þróun atvinnulífs tónlistar og sækist eftir samvinnu og tengslum við fjölbreytta aðila tónlistarlífsins.





MARKMIÐ


Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður traustur grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og lögð áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa sem tónlistarmenn og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf.

Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði, sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar og þannig dýpkað þekkingu sína. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili.

Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og skapandi einstaklingar.

HVERT LEIÐIR MÍT?

MÍT útskrifar nemendur með öflugan tónlistargrunn, færni og þekkingu sem getur veitt aðgang að Listaháskóla Íslands, tónlistarháskólum erlendis eða jafnvel beint inn í hringið tónlistarlífsins. Einnig veitir stúdentspróf skólans aðgang að fjölbreyttu háskólanámi á sviði félags-, mennta- og hugvísinda.



A photograph of a group of young people, likely students, sitting in a music room and playing cellos. They are arranged in rows, with some in the foreground and others in the background. The room has wooden walls and floors. The text "NÁMSBRAUTIR MÍT" is overlaid in the center of the image.

NÁMSBRAUTIR MÍT

NÁM TIL STÚDENTSPRÓFS (200 fein)

Stúdentsbrautir MÍT bjóða upp á spennandi nám til stúdentsprófs þar sem höfuðáhersla er á tónlist. Nemendur á stúdentsbrautum stunda almenna bóknámsáfanga við Menntaskólann við Hamrahlíð, eða aðra framhaldsskóla sem bjóða upp á nám við hæfi nemandans.

1. Stúdentsbraut – klassísk tónlist
2. Stúdentsbraut – rytmísk tónlist (jazz)
3. Stúdentsbraut – rytmísk tónlist (popplína)





NÁM TIL LOKAPRÓFS Á 3. HÆFNIPREPI (150 fein)

Brautirnar henta þeim sem hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi. Námslok brautanna eru á 3. hæfniprepi og opna leiðir inn í framhaldsnám á sviði tónlistar.

1. Almenn braut – klassísk tónlist
2. Almenn braut – rytmísk tónlist (jazz)
3. Almenn braut – rytmísk tónlist (popplína)

SKIPTING NEMENDA EFTIR BRAUTUM

Skólaárið 2023–2024

Alls stunduðu 215 nemendur nám við MÍT haustið '23 og 207 nemendur vorið '24. Þar af stundaði 71 nemandi nám á stúdentsbrautum skólans á hvorri önn, 128 nemendur stunduðu nám á almennum brautum á haustönn og 122 á vorönn. 16 nemendur stunduðu að auki gestanám í fræðigreinum tónlistar á haustönn og 14 á vorönn.

Braut	Haut 23	Vor 24
Klassísk tónlistarbraut (stúdent) KTS	19	20
Rytmísk tónlistarbraut – popplína (stúdent) RSP	36	34
Rytmísk tónlistarbraut (stúdent) RTS	16	17
Klassísk tónlistarbraut (almenn) KTB	79	71
Rytmísk tónlistarbraut–popplína (almenn) RTP	25	23
Rytmísk tónlistarbraut (almenn) RTB	24	28
Fjar- og gestanám FN	16	14



KENNDAR EININGAR 2023–2024

Heildarfjöldi eininga: 11.417

Haustönn 2023

MÍT einingar alls: 4646

MH einingar alls: 689

Alls: 5335

Vorönn 2024

MÍT einingar alls: 5495

MH einingar alls: 587


Alls: 6082

STJÓRNUN OG SKIPULAG




STJÓRNUN OG SKIPULAG

Menntaskóli í Tónlist starfar í samræmi við lög um rekstur framhaldsskóla og hefur hlotið viðurkenningu skv. 12. gr. framhaldsskólalaga. Skólinn er sjálfseignarstofnun frá 1. september 2016.

Freyja Gunnlaugsdóttir var ráðin í stöðu skólameistara MÍT vorið 2021. Sólrún Sumarliðadóttir sem áður gengdi starfi áfangastjóra var ráðin í starf aðstoðarskólameistara haustið 2022. Andrés Þór Gunnlaugsson starfar sem deildarstjóri rytmískrar deildar frá janúar 2023, Birna Hallgrímsdóttir deildarstjóri klassískrar deildar frá hausti 2023. Þóra Björt Sveinsdóttir hefur starfað sem áfangastjóri frá hausti 2022 og bætti við sig stöðuhlutfalli námsráðgjafa haustið 2023. Mikill rekstrarbati hefur átt sér stað síðustu ár eins og sjá má í ársreikningi skólans og hefur reksturinn náð góðu jafnvægi miðað við núverandi aðstæður.



SKIPURIT MÍT



Starfsfólk við skólann á
haustönn 2023 var alls
84 í
29,9 stöðuhlutföllum.
Þar af 38 konur og 46
karlmenn.





STJÓRN MÍT

Ari Daníelsson, stjórnarformaður

Ólafur Óskar Axelsson

Gunnar Kvaran Hrafnsson

Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir

Víðir Smári Petersen

Varamenn

Birna Hallgrímsdóttir

Helgi Hrafn Jónsson

A close-up photograph of a person's hands playing a piano. The person is wearing a brown long-sleeved shirt. Their left hand is on the lower keys, and their right hand is on the upper keys. A red string is visible on the piano's keyboard. In the background, there is a stack of white sheet music. The text "STEFNUMÓTUN OG SJÁLFSMAT" is overlaid in white, bold, sans-serif font across the center of the image.

STEFNUMÓTUN OG SJÁLFSMAT


SJÁLFSMAT OG EFTIRFYLGNI

Skólaárið 2023–2024 var lögð áhersla á að kanna viðhorf nemenda til námsins og félagslegra tengsla í skólanum. Lögð var fyrir ein könnun á hvorri önn. Svarhlutfall var 64% á haustönn en 54% á vorönn. Ekki var lögð könnun fyrir starfsfólk skólans í lok skólaársins en aftur á móti bauð skólameistari öllu starfsfólki starfsmannaviðtal snemma á vorönn. Skólinn bauð starfsfólki upp á ýmis konar fræðslu og námskeið á þessu skólaári. Á haustönn fékk starfsfólk fræðslu um leiðsagnarnám og fjölbreytt námsmat. Á vorönn var boðið upp á fræðslu um aðstoð við nemendur sem glíma við kvíða. Einnig bauðst starfsfólki að taka þátt í skyndihjálparnámskeiði. Skólinn tók einnig þátt í starfsþróunardegi framhaldsskólanna í mars. Sjálfsmatsskýrsla er gefin út árlega að hausti og birt á heimasíðu skólans. Skólinn starfar einnig skv. 3 ára starfsáætlun með aðgerðaáætlun sem fylgt er eftir árlega. Núgildandi starfsáætlun nær yfir árin 2021–2024 og er því komið að gerð næstu starfsáætlunar 2024–2027.

JAFNRÉTTISÁÆTLUN OG JAFNLAUNAVOTTUN

Jafnréttisáætlun MÍT var samþykkt af Jafnréttisstofu og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vorið 2021 og gildir til 2024.

Jafnréttisáætlun Menntaskóla í tónlist byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og á annars vegar um skólann sem vinnustað og hins vegar um skólann sem menntastofnun. Skólinn hefur markvisst unnið að markmiðum áætlunarinnar, m.a. með fræðslufundum og námskeiðum fyrir starfsfólk skólans. Skólinn hlaut jafnlaunavottun í nóvember 2023 og uppfyllir þar með kröfur sem tilgreindar eru í staðlinum ÍST 85:2012.



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

SKÓLASTARF

Tónleikar, próf og viðburðir



SKÓLAÞRÓUN

Úr tónlistarskóla- í framhaldsskólaumhverfið

Menntaskóli í tónlist er með yngstu framhaldsskólum landsins, stofnaður árið 2016. Mikil þróunarvinna hefur átt sér stað frá stofnun skólans, en hann á rætur að rekja til tveggja rótgróinna tónlistarskóla sem sameiginlega stóðu að stofnun hans. Þróunarvinna hefur því að mörgu leyti snúist um það að aðlaga nám úr tónlistarskólaumhverfinu inn í framhaldsskólaumhverfið. Áður fyrr voru það fyrst og fremst framúrskarandi nemendur sem útskrifuðust úr tónlistarnámi á framhaldsstigi, en eftir að tónlistarnám er orðið hluti af framhaldsskólakerfinu varð nauðsynlegt að finna leiðir til þess að útskrifa mun fjölbreyttari nemendahóp en áður. Þetta hefur haft talsverð áhrif á kennsluaðferðir, námsmat og fleira.

Menntun á breiðum grundvelli

Aukin umræða og meðvitund um innviðauppbýggingu í tónlistarlífi landsins hefur einnig haft áhrif á skólaþróun í MÍT og

haft þau áhrif að tilgangur tónlistarnáms á framhaldsstigi er ekki eingöngu að mennta flytjendur eða tónhöfunda heldur einnig að mennta þátttakendur í tónlistarlífi landsins á breiðari grundvelli. Námsbrautir sem geta sinnt nemendum með fjölbreyttari tónlistarbakgrunn en áður (popplínur skólans, sem tilheyra rytmískri deild) hafa einnig valdið því að nemendahópur skólans er orðinn mun fjölbreyttari en áður hefur tíðkast í tónlistarnámi á þessu skólastigi.

Undirbúningur fyrir háskólanám

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þróun tónfræðigreina undanfarin ár – að undirbúningur nemenda miðist við framhaldsskólastigið og veiti besta mögulega undirbúning fyrir háskólanám í tónlist. Einnig hefur verið lögð áhersla á að auka samvinnu og frumkvæði nemenda í bóklegu námi og að auka tengingu fræðigreina við verklegt nám nemenda.

SKÓLAÞRÓUN

Félagsleg tengsl

Skólahúsnaði rymískrar og klassískrar deildar er staðsett á tveimur stöðum í borginni sem hefur gert það af verkum að nemendur klassísku og rytmísku deildarinnar hittast lítið. Til þess að bregðast við þessu eru allir fyrstaárs nemar á stúdentsbrautum saman í tímum í Skipholti á föstudagsmorgnum og fram eftir degi. Þetta hefur gefið góða raun og ýtt undir tengsl milli nemenda á ólíkum brautum skólans.

Einnig hefur áfram verið lögð áhersla á að þetta raðir nemenda á lokaári náms með áfanga þar sem boðið er upp á námskynningar og ýmislegt sem viðkemur því að vera á lokaári náms auk þess að vinna að útskriftarhátíð MÍT sem nú hefur fest sig í sessi.

Útskriftarhátíð

Útskriftarhátíðin var með töluvert breyttu sniði í ár en hún var haldin í Hörpu yfir þrjá daga. Þessa daga fór fram alls 30 tónleikar, eða 10 tónleikar á dag í tveimur söllum (Kaldalóni og Norðurljósum). Hátíðin

gekk vonum framar. Aðsókn að útskriftartónleikum jókst, bæði kennarar og nemendur tóku virkari þátt í hátíðinni en áður og tónleikarnir vöktu mun meiri athygli almennings en áður. Aðstæður og starfsfólk Hörpu voru eins og best er á kosið og hafa þegar verið bókaðir dagar þar fyrir útskriftarhátíð næsta skólaárs.

Tengsl við skóla í nágrannalöndum

Sem liður í skólaþróun hefur verið lögð áhersla á að tengjast sambærilegum tónlistarmenntaskólum í nágrannalöndum. Kennarar og stjórnendur fóru í heimsókn í Sankt Annae tónlistarmenntaskólann í apríl og munu halda áfram að rækta þá tengingu, m.a. í gegnum nemendaskipti og samvinnuverkefni. Einnig stendur til að MÍT verði aðildarskóli ungmennasinfóníuhljómsveitar Norðulandanna, Orkester Norden. Skólinn mun þannig geta tengst enn fleiri tónlistarmenntaskólum á Norðurlöndunum.

VÖRÐU-, ÁFANGA- OG LOKAPRÓF

Rytmísk deild

Grunnpróf: 14

Miðpróf: 10

Framhaldspróf: 11

Vörðupróf 1: 7

Vörðupróf 2: 3

Klassísk deild

Grunnpróf: 1

Miðpróf: 7

Framhaldspróf: 5

Vörðupróf 1: 3

Vörðupróf 2: 20

Lokapróf af almennum brautum (*önnur
lokapróf á 3.hæfniprepi*): **23**

Lokapróf af stúdentsbrautum: 14

VIÐBURÐIR – RYTMÍSK DEILD

Rytmísk deild MÍT stóð fyrir fjölda tónleika á skólaárinu en alls voru formlegir viðburðir á vegum deildarinnar um 30 talsins.

Að vanda voru settar upp veglegar söngsýningar á hvorri önn þar sem annars vegar var unnið með tónlist Ellu Fitzgerald og hins vegar tónlist Páls Óskars. Báðar sýningarnar voru kraftmiklar og metnaðarfullar og sýndu vel fjölbreytileika nemendahópsins.

Samspilshópar og söngdeild héldu fjölda tónleika á báðum önnum, m.a. eina tónleika í samstarfi við tónlistarmenntaskólann Aarhus Hf&VUC sem hér var í námsferð. Stórsveit skólans hélt annartónleika og tók þátt í stórsveitarmaræðni á vegum Stórsveitar Reykjavíkur.





VIÐBURÐIR – RYTMÍSK DEILD

Á vorönn fóru fram 17 rytmískir útskriftartónleikar og 8 sýningar á söngleiknum Söngvaseið sem settur var upp í samvinnu við MH á vorönn.

Nemendur deildarinnar komu fram á masterklössum...

Samspilshópar og einleikarar úr rytmísku deildinni hafa einnig komið fram við ýmis tilefni fyrir hönd skólans á menningarhátíðum og viðburðum fyrir félagasamtök, ráðuneyti og sendiráð.

Nemendur deildarinnar tóku einnig virkan þátt í tónlistarlífinu, m.a. með þáttöku í Idol, í Músíktílaunum, söngvakeppni framhaldsskólanna með glæsilegum árangri, í Gettu betur og víða annars staðar.



VIÐBURÐIR – KLASSÍSK DEILD

Fjölmargir tónleikar voru haldnir á vegum klassískrar deildar MÍT á skólaárinu '23-'24 bæði innan skóla og í tónleikasölum víðs vegar um höfuðborgarsvæðið. Alls voru formlegir tónleikar um 30 talsins, en að auki fara fram vikulegir tónleikar, svokallaðir þriðjudagstónleikar, í sal skólans í Skippholti þar sem nemendur fá tækifæri til þess að kynna verk í vinnslu.

Í tónleikasölum utan skólans, m.a. Salnum, Safnahúsinu , Sigurjónssafni og Háteigsskirkju voru haldnir fimm kammermúsíktónleikar og fjöldi deildartónleika. Strengjasveit og símfónúhljómsveit skólans, SMÍT, hélt tónleika á vorönn.

VIÐBURÐIR – KLASSÍSK DEILD

MÍT hélt sérstaka tónleika á Myrkum músíkdögum í janúar, en stefnt er að því að það verði árlegur viðburður. Útskriftar- og framhaldsprófstónleikar klassískrar deildar voru 15 á árinu. Fjöldi nemenda úr deildinni tók einnig þátt í vel heppnaðri uppfærslu á söngleiknum Söngvaseið í samstarfi við Menntaskólann við Hamrahlíð.

Að auki voru haldnir nokkrir píanótónleikar í samstarfi við LHÍ á skólaárinu, nemendur skólans komu fram á Unglistartónleikum, og konsertkeppni Nótunnar, en nemandi skólans mun í kjölfarið koma fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna.

Fjöldmargir masterklassar voru haldnir á vegum deildarinnar, sumir þeirra í samstarfi við SÍ og aðrir í samstarfi við LHÍ, en þar nutu nemendur skólans leiðsögn ýmissa hljóðfæraleikara sem njóta alþjóðlegrar velgengni, m.a. hljóðfærarleikara úr Bamberg sinfóníuhljómsveitinni.



ÚTSKRIFTARHÁTÍÐ í Hörpu

Vorið 2024 var haldin vegleg tónlistarveisla í Hörpu, en glæsilegur hópur nemenda lauk námi frá skólanum í vor. Dagana 8.–10.apríl fóru fram tónleikar í tveimur sölum Hörpu, Kaldalóni og Norðurljósum á klukkustundar fresti frá kl 11 að morgni til kl 21 að kvöldi. Hátíðin tókst einstaklega vel og gleðilegt að sjá nemendur skólans taka örugg fyrstu skref í tónlistarhúsi þjóðarinnar.

Útskriftir af brautum skólans voru 37 á skólaárinu. Útskriftar- og framhaldsprófstónleikar voru 33 talsins og efnisskrár þeirra spönnuðu alla tónlistarsöguna og ólíkustu tónlistarstíla. Auk þess luku 6 nemendur á rytmískum brautum lokaprófi með upptökuverkefni. Mikið af frumsaminni tónlist var flutt á tónleikunum og gefin út á upptöku og greinilegt íslenskt tónlistarlíf þarf ekki að kvíða framtíðinni. Margir efnilegir hljóðfæraleikarar, söngvarar, tón- og lagasmiðir og aðrir tilvonandi þátttakendur í tónlistarlífi landsins útskrifuðust frá MÍT í vor og þau munu taka þátt í að byggja upp íslenskt tónlistarlíf á komandi árum.





HVAÐ TEKUR VIÐ EFTIR ÚTSKRIFT FRÁ MÍT?

Skv. könnun sem lögð var fyrir útskriftarefni vorið 2024 stefnir stór hluti þeirra, um 75% þeirra sem svöruðu, að framhaldsnámi í tónlist í haust, ýmist við LHÍ eða tónlistarháskóla erlendis. Mörgum nemendanna hefur verið boðið námspláss við virta tónlistarháskóla erlendis á borð við Royal College of Music í London, Berklee College of Music (USA), Koninklijk Conservatorium den Haag (NL), Manhattan School of Music (USA), Conservatorium van Amsterdam (NL), KMH í Stokkhólmi (SE) og Konunglega danska tónlistarháskólann (DK) og verður spennandi að fylgjast með vegferð þeirra á næstu árum. Aðrir nemendur sjá fyrir sér að fara beint að vinna við tónlist að loknu námi við tónlistarkennslu, tónlistarflutning, tónsmíðar, hljóðtæknitengdar greinar, umboðsmennsku, bókun og fleira.



3. Ætlarðu í framhaldsnám eftir MÍT?

[More Details](#) [Insights](#)



4. Ef þú ætlar í framhaldsnám í tónlist, í hvaða skóla stefnirðu?

[More Details](#) [Insights](#)



HÚSNÆÐISMÁL MÍT

MÍT býr að miklum mannauði, bæði nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans en það er verulega aðkallandi að skólinn komist sem fyrst undir eitt þak í húsnæði sem hentar starfseminni. Klassísk og rytmísk deild skólans eru staðsettar annars vegar í Skipholti og hins vegar Rauðagerði sem gerir það að verkum að nemendur og kennarar deildanna tveggja hittast lítið eða ekkert, og hluti nemenda þarf að ferðast milli borgarhluta til að sinna námi sínu. Auk þess eru almennar bóknámsgreinar á stúdentsbraut kenndar við Menntaskólann í Hamrahlíð, svo nemendur á stúdentsbrautum þurfa að sækja tíma á þremur stöðum. Húsnæðið í Rauðagerði er mikið samnýtt með tónlistarskóla FÍH og stéttarfélagi FÍH og er orðið mjög þröngt um skólastarfið þar og ekki hægt að koma allri starfsemi rytmískrar deildar fyrir. Mikill hluti skólastarfsins fer fram í einkatímum og því enn mikilvægara en í hefðbundnu framhaldsskólanámi að hlú að skólaanda og félagslegum þáttum skólastarfsins sem meðal annars húsnæði hefur mikil áhrif á.

Unnið hefur verið að ýmsum hugmyndum varðandi húsnæðismál skólans undanfarin ár, en enn hefur ekki tekist að koma því í góðan farveg. Vonir standa til þess að yfirvöld muni stíga öruggar inn í það að koma skólanum í ásættanlegt húsnæði sem sómir þessu blómlega skólastarfi sem er mikilvægur grunnur að tónlistarlífi landsins, en ríkið hafði upphaflega frumkvæði að stofnun skólans.

FÉLAGSSTARF NEMENDA

Nemendafélag MÍT stóð fyrir fjölda viðburða á árinu.

Nýnemar voru boðnir velkomnir í ágúst með busakvöldi, skautiferð og öðru sprelli. Haldin voru regluleg ís-, föndur- og brókvöld í húsnæði skólans í Skipholti. Auk þess voru stærri viðburðir á borð við samspilskvöld (jam session), vel heppnaða árshátíð og fleira.

Nemendafélagið stóð einnig fyrir útgáfu nemendaskírteina, hönnun og sölu skólapeysu og veitingasölu á söngsýningum skólans. Plássleysi í skólahúsnæðinu sagði til sín en félaginu tókst t.a.m. ekki að bóka salinn í skólanum fyrir lagasmíðakeppni MÍT vegna þess hve mikið salurinn er bókaður undir veislur fyrir félagsmenn FÍH á vorin.

Félagið hélt aðalfund í lok skólaárs og kaus nýja stjórn sem tekur við í upphafi næsta skólaárs.



FORELDRASAMSTARF

Kosið var í nýja stjórn foreldrafélags MÍT haustið 2023, en erfiðlega gekk að fá aðstandendur nemenda til þátttöku. Þó skal tekið fram að skólastjórnendur og kennarar eru í miklu og góðu sambandi við aðstandendur nemenda í daglegum störfum. Tilgangur foreldraráðs er að stuðla að auknum gæðum skólans og leitast við að bæta jafnt almenn skilyrði og aðstæður nemenda til menntunar og almenns þroska. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því meðal annars:

- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
- Að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda.
- Að auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti yfirvöldum, skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólastarfinu.
- Að stuðla að góðu samstarfi foreldra og forráðamanna, nemendafélaga og starfsfólks skólans.
- Að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega, bæði gagnvart námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.

SAMSTARFSVERKEFNI

Skólastjórnendur hafa sett þá stefnu að auka markvisst samstarf við aðra skóla, stofnanir og tónlistarhátíðir.

Náið samstarf Menntaskólans við Hamrahlíð og MÍT heldur áfram, bæði um aðgengi MÍT nemenda á stúdentsbraut að kjarnaáföngum í MH, en einnig að félagslífi, kórstarfi og stoðþjónustu. Á vorönn átti sér einnig stað mjög velheppnað samstarf um uppsetningu á sögnleiknum Söngvaseið, en nemendur MÍT sáu um hljómsveitarleik og voru einnig í burðarhlutverkum í sýningunni.

MÍT á einnig í samstarfi við aðra framhaldsskóla vegna nemenda á stúdentsbrautum, en hluti nemenda á stúdentsbrautum MÍT stundar almenna bóknámsáfanga við aðra skóla ýmist í fjar- eða staðnámi. Samstarf við tónlistarskóla FÍH heldur áfram, m.a. um masterklassa og aðra þætti skólastarfsins í rytmísku deildinni.

Vel heppnað samstarf MÍT og Borgarholtsskóla heldur áfram, en nemendur í verkefnastjórnun hafa unnið með nemendum Borgarholtsskóla í grafískri hönnun að verkefnum tengdum sönguppfærslu rytmískrar deildar á vorönn.

Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands var eftt með formlegum hætti, en MÍT er skilgreindur sem "heimaskóli" SÍ. Samstarf er um ýmislegt sem tengist Ungsveit SÍ, masterklassa, tónleikasókn nemenda, heimsóknir nemenda á æfingar SÍ og samvinnun verkefna í MÍT áföngum við starf sinfóníunnar.

SAMSTARFSVERKEFNI frh.

- Samstarf við LHÍ var talsvert á árinu, en skólarnir stóðu m.a. sameiginlega að ráðstefnum, nemendatónleikum, masterklössum og áttu einnig samstarf um kammertónlistarkennslu. Einnig höfum við tekið á móti kennaranemum í æfingakennslu og áhorf bæði frá kennaradeildum LHÍ og Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Gott samstarf var við Skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar um samspil nemenda, en skólahljómsveitum bauðst að senda langt komna nemendur í stórsveit MÍT.
- Samstarf við Myrka músíkdaga hélt áfram í vetur í formi veglegra tónleika nemenda MÍT á hátíðinni, og er stefnt að áframhaldandi samstarfi. vonast er til að virkja samstarf við enn fleiri stofnanir og aðila í tónlistarlífinu í náginni framtíð.
- Samtal og vísir að samvinnu við Sankt Annae tónlistarmenntaskólann í Kaupmannahöfn hófst á árinu með nemendadvöl og heimsókn kennara og stjórnenda MÍT í skólann. Það verður spennandi að fylgja því eftir.

LOKAORÐ

Nú er MÍT að ljúka sínu sjöunda starfsári. Mikil uppbygging og nýsköpun í skólastarfi hefur átt sér stað á þessum tíma þó skólastarfið sé enn í sífelldri mótun. Smám saman hefur skólinn fest rætur og gegnir nú þegar lykilhlutverki í tónlistarmenntun á Íslandi. Í skólanum koma saman um 200 nemendur sem allir leggja stund á tónlist af ástríðu og áhuga. Fjölbreytt námsframboð skólans gefur þeim tækifæri á einstaklingsmiðuðu námi þar sem þau geta mótað námið að eigin áhugasviði og hæfileikum. Kennarar og starfsfólk skólans hafa lagst á eitt við að byggja upp faglegt og jákvætt lærdómssamfélag þar sem nemendur fá að þroskast og vaxa sem manneskjur og tónlistarfólk.

Skólinn stendur vissulega frammi fyrir krefjandi áskorunum, þar er ekki síst mikilvægt að koma skólanum undir eitt þak svo skólinn geti orðið sú heilsteypta menntastofnun í tónlist sem stefnt er að með öflugri klassískri og rytmískri deild undir sama þaki. Stjórnendur skólans og kennaralið vinnur samhent og af heilum hug að því að byggja upp enn sterkari framhaldsskóla sem mun festa sig í sessi til framtíðar sem lykilstofnun í íslensku tónlistarlífi.





Menntaskóli í tónlist



Skipholti 33, 105 Reykjavík

menton@menton.is

S: 589 1200

www.menton.is

Ljósmyndir: Thelma Arngrímsdóttir